

stofnunarinnar hinn níunda dag október-
mánaðar nítján hundruð fjörutíu og sex
í Montreal.

Organisation on the ninth day of October **57**
one thousand nine hundred and forty-six 13. mai
in the course of its Twenty-ninth Session,
which was held at Montreal.

Ensku og frönsku textarnir af hinni
breyttu stofnskrá eru báðir jafngildir.

The English and French versions of the
Text of this Instrument of Amendment
are equally authoritative.

Þessu til staðfestingar höfum við und-
irritað nöfn okkar hinn fyrsta dag nóv-
embermánaðar 1946.

IN FAITH WHEREOF we have ap-
pended our signatures this first day of
November 1946.

Forseti allsherjarþingsins:
Humphrey Mitchell.

The President of the Conference,
Humphrey Mitchell.

Aðalforstjóri alþjóðavinnu-
málaskrifstof-
unnar:
Edward Phelan.

The Director-General of the International
Labour Office,
Edward Phelan.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 13. maí 1948.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

um viðskiptasamning milli Finnlands og Íslands.

58

10. júní

Dagana 29. fyrra mánaðar til 5. þ. m., fóru fram í Reykjavík samningaviðræður milli Finnlands og Íslands. Viðskiptasamningur milli landanna var undirritaður hinn 5. þ. m., og gengur hann í gildi 1. júlí 1948 og skal gilda til 30. júní 1949. Samkvæmt samningi þessum er lagður grundvöllur að viðskiptum milli landanna fyrir 10 milljónum íslenskra króna á hvora hlið.

Íslendingar munu meðal annars selja Finnum: saltsíld, síldar- og fiskimjöl og saltaðar gærur, en kaupa í staðinn: timbur ýmiss konar, pappír og pappírsvörur. Auk þess er gert ráð fyrir, að Finnar muni utan samningsins kaupa síldarlýsi og ef til vill síldarmjöl.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 10. júní 1948.

Bjarni Benediktsson.

Agnar Kl. Jónsson.